



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við val á íþróttamanni ársins
29. desember 1998**

Ágæta íþróttafólk
forystusveit íþróttahreyfingarinnar,
íþróttafréttamenn – góðir gestir.

Það er ætíð stór stund þegar úrslit eru tilkynnt í vali á íþróttamanni ársins og afrekssveit íslensks íþróttafólks er heiðruð fyrir framgönguna á árinu sem senn hefur lokið sínu þolhlaupi.

Í kvöld óskum við Erni til hamingju með sigurinn og vonum að nýtt ár og framtíð öll færi honum enn glæsilegri árangur.

Um leið vil ég samfagna sérstaklega þeirri vösku sveit afreksfólks úr ólíkum greinum íþróttanna sem nú var í efstu sætum. Sá fjölbreytileiki sem þar birtist sýnir hve víðir og blómlegir vellir íþróttanna eru orðnir á Íslandi.

Ég vék að því í ávarpi á sameiningarþingi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fyrir rösku ári að:

„Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var ekki aðeins byggð á fornum rétti og arfi menningar og sögu, heldur einnig á sjálfsmynd þar sem íþróttir og hreysti voru talin til helstu dáða. Í aðdraganda nýrrar aldar, þegar alþjóðleg fjölmiðlun færir fjarlæga atburði heim í stofu og úrslitaleikir í enskri knattspyrnu og bandarískum körfubolta, lokakeppni í alpagreinum og evrópsku golfmóti eiga sér öflugt áhugalið hér heima, þá er ljóst að sjálfstæðisvitund nýrrar kynslóðar mun í framtíðinni ráðast að hluta af því hvort við Íslendingar eigum gjaldgenga keppendur á alþjóðlegum mótum.

Íslensk æska verður áfram að geta sótt sínar hetjur á heimavöll og dáðst að framgöngu þeirra á erlendri grund. Sigrar Clausenbræðra, Gunnars Huseby og Torfa Bryngeirssonar skerptu stolt og sjálfsvitund minnar kynslóðar og ánægju okkar yfir því að vera

Íslendingar mun meira en margar 17. júní ræður landsfeðranna og voru þeir textar þó oft ærið kyngimagnaðir“.

Á sama hátt og þau nöfn sem ég nefndi í ávarpinu á íþróttabinginu í fyrra eru afreksfólkið sem við heiðrum hér í kvöld, Örn, Jón Arnar, Vala og aðrir í hinni glæstu sveit sem hér hefur verið hyllt, að veita æsku Íslands í aðdraganda nýrrar aldar innblástur og kjark, bjargfasta trú á það að hægt er að vera í senn góður Íslendingur og sannur afreksmaður á heimsvelli íþróttanna.

Sjálfstæðisvitund lítillar eyþjóðar verður í árdaga nýs árpúsunds að eiga sér fleiri rætur en sögu og fornar bækur. Í umróti breytinga á tækni og samskiptum sem eru í senn svo margbrotnar og hraðfleygar að enginn getur numið þær eða skilið til hlítar þá er nauðsynlegt að æska landsins eigi sér kjölfestu í fyrirmyndum sem sýna með getu sinni hverju þjálfun, vilji, einbeitni og heilbrigti líf geta áorkað.

Íþróttirnar verða á nýrri öld enn mikilvægari þáttur í sjálfstæðisvitund og þjóðarstolti Íslendinga. Afreksfólkið sem við hyllum hér í kvöld eru áhrifaríkir sendiherrar okkar á alþjóðlegum vettvangi; jafnvel svo glæsilega að þeir sem sendiherraheitið bera að atvinnu mega vara sig á samkeppninni.

Mér fannst einstaklega gaman þegar ég efndi nýlega í Stokkhólmi til veislu til heiðurs Carli Gustaf konungi og Silvíu drottningu að geta boðið frjálsíþróttahetjunni Völu Flosadóttur og knattspyrnukappanum Pétri Marteinsyni til þess mannfagnaðar ekki síður en ráðherrum, hirðmarkskálkum, kammerfrúm, forstjórum og öðrum orðum prýddum fyrirmönnum. Vala og Pétur voru þar glæsilegir fulltrúar hins unga Íslands sem haslað hefur sér alþjóðlegan virðingarvöll, sönnun þess að mynd Íslands í samstarfi við aðrar þjóðir er ekki síður ofinn með framlagi íþróttanna en hefðbundnum þráðum stjórn mála og viðskipta.

Þáttur íþróttanna í sjálfsvitund þjóðarinnar og orðstír hennar á alþjóðlegum vettvangi mun halda áfram að vaxa á nýrri öld. Þess vegna eru ríkulegar þær þakkir og heillaóskir sem ég fyrir hönd Íslendinga allra færi fram á þessu heiðurskvöldi.

Við erum stolt af ykkur sem skarað hafa fram úr og við metum einnig mikils alúðarstörfina sem þúsundir áhugafólks, forystumanna, þjálfara og þátttakenda leggja fram í íþróttahreyfingunni um allt land, í öllum aldursflokkum og fjölda keppnisgreina.

Við eru þakklát fyrir framlag íþróttahreyfingarinnar í baráttunni gegn fíkniefnum, gegn þeirri vá sem vaxandi eiturfjaneysla hefur fært inn í hið friðsæla íslenska þjóðlíf. Það er dýrmætt hve reiðubúið

afreksfólkið sem heiðrar er hér í kvöld hefur verið til að taka þátt í þeirri baráttu. Slíkt sýnir að í huga þeirra er heilbrigt líf annarra og björgun ekki síður mikilvægt en eigin met og afrek.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með heiðurinn og færi samtökum íþróttafréttamanna og íþróttahreyfingunni þakkir fyrir þessa stund.